

Verðkönnun á innlendum og innfluttum landbúnaðarvörum

Desember 2019 – September 2020

Skýrsla til Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytisins



Alþýðusamband Íslands

Í lok árs 2019 gerðu verðlagseftirlit ASÍ og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þjónustusamning um verðkönnun á innlendum og innfluttum landbúnaðarvörum. Samningurinn fól í sér að verðlagseftirlit ASÍ myndi framkvæma mánaðarlegar verðkannanir á landbúnaðarvörum í matvöruverslunum á tímabilinu frá desember 2019 til ágúst 2020 og skila skýrslu í lok tímabilsins. Markmiðið með samningnum var að safna gögnum og fylgja þannig eftir þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um úthlutun tollkvóta í desember 2019. Væntingar standa til að breytingarnar muni skila sér í lægri kostnaði fyrir innflytjendur og lægra verði til neytenda. Hlutverk verðlagseftirlits ASÍ var að fylgja breytingunum eftir með því að safna verðupplýsingum á landbúnaðarvörum.

Þær vörur sem verð var kannað á var nautakjöt, svínakjöt, fuglakjöt, unnar kjötvörur (álegg, pylsur o.þ.h.), ostar og nokkrar tegundir af grænmeti. Verðupplýsingum var safnað í eftirtöldum verslunum; Bónus, Krónunni, Hagkaup, Nettó og Kjörbúðinni. Niðurstöður úr einstaka verslunum eru ekki birtar enda ekki um verðsamanburð verslana að ræða.

Helstu niðurstöður eru þær að framboð eða úrval á þeim landbúnaðarvörum sem könnunin náði til hefur aukist töluvert á tímabilinu. Mikil framboðsaukning var á nautakjöti, svínakjöti og fuglakjöti eða í kringum 90% í hverjum flokki fyrir sig. Framboð af innfluttum vörum jókst verulega í mörgum vöruflokkum. Langmest hlutfallsleg framboðsaukning var á innfluttu svínakjöti og fuglakjöti á tímabilinu en framboð á innfluttu nautakjöti jókst einnig mikið og framboð af innfluttum ostum jókst töluvert. Einnig má greina mikla framboðsaukningu á innlendum landbúnaðarvörum. Mest jókst framboð af innlendu nautakjöti og svínakjöti en töluverð framboðsaukning varð einnig á innlendu fuglakjöti og innlendum unnum kjötvörum.

Verð á innfluttum landbúnaðarvörum hækkaði í sumum tilfellum meira en verð á innlendum landbúnaðarvörum. Í sumum flokkum landbúnaðarvara hækkaði verð á innfluttum landbúnaðarvörum þó ekki mikið umfram verð á innlendum landbúnaðarvörum og tiltölulega lítið sé horft til veikingar krónunnar á tímabilinu sem verðtakan fór fram. Þá mátti sjá verðlækkun í einum flokki innfluttra landbúnaðarvara í könnuninni.

Verðhækkunarir á innfluttu svínakjöti og innfluttum ostum voru töluvert meiri en á innlendum vörum í sömu flokkum. Minni munur var á verðhækkunum á innfluttu og innlendu nautakjöti en innflutt nautakjöt hækkaði aðeins meira í verði en innlent. Innflutt unnin kjötvara hækkaði aðeins minna í verði en innlend og þá lækkaði innflutt fuglakjöt í verði á meðan innlent fuglakjöt hækkaði í verði. Mestar verðhækkunarir voru á ostum í könnuninni en þeir hækkuðu að meðaltali 7,9%. Innfluttir ostar hækkuðu um 9% en innlendir um 6,5%. Af kjötvörum hækkaði

álegg mest í verði, að meðaltali 4,9% en lítill munur var á verðhækkunum á innlendu og innfluttu áleggi. Svínakjöt í könnuninni hækkaði að meðaltali um 4,6% og hækkaði innflutt svínakjöt að meðaltali um 7,9%, töluvert meira en innlent sem hækkaði um 3,7%. Hafa ber í huga að mjög fáar innfluttar svínakjötsafurðir eru bakvið þessar verðbreytingar.

Nautakjöt í könnuninni hækkaði tiltölulega lítið á tímabilinu, að meðaltali um 1,9% og hækkaði verð á innfluttu nautakjöti að meðaltali um 2,2% en verð á innlendu um 1,6%. Fuglakjöt skar sig nokkuð úr og hækkaði að meðaltali lítið í verði á tímabilinu, um 1,2% en innflutt fuglakjöt lækkaði að meðaltali um 1,4% í verði á meðan innlent fuglakjöt hækkaði um 3,3%. Miklar verðhækkningar voru á innfluttu grænmeti í könnuninni en íslenskt grænmeti hækkaði lítið eða lækkaði jafnvel í verði.

Efnisyfirlit

Um framkvæmdina	5
Framboð	6
Framboð af landbúnaðarvörum í mörgum tilfellum aukist	6
Mikil framboðsaukning á innfluttu fugla- og svínakjöti	7
Verðbreytingar	9
Veiking krónu á tímabilinu sem verðtakan fór fram	11
Nautakjöt	11
Svínakjöt	12
Fuglakjöt	13
Unnar kjötvörur	14
Ostar	15
Grænmeti	15
Gulrætur	15
Tómatar	16
Sveppir	16
Paprikur	17
Rófur	17
Verðbreytingar milli mánaða	17

Um framkvæmdina

Verðmælingarnar fóru fram í þriðju til fjórðu viku hvers mánaðar frá desember 2019 til september 2020 í helstu matvöruverslanakeðjum landsins. Samkvæmt þjónustusamningnum átti verðtakan að fara fram á níu mánaða tímabili, frá desember 2019 til ágúst 2020. Vegna þeirrar óvissu sem kom upp þegar Covid faraldurinn braust út var ákveðið, í samráði við ráðuneytið, að fara ekki í verðkönnun í mars en bæta einum mánuði aftan við tímabilið í staðinn. Septembermánuði var því bætt við tímabilið en mars mánuður datt út.

Verðupplýsingum var safnað í eftirtöldum verslanakeðjum; Bónus, Krónunni, Hagkaup, Nettó og Kjörbúðinni en viðkomandi verslanir eru þær stærstu og útbreiddustu í landinu. Skoðað var verð á innfluttum og innlendum landbúnaðarvörum, kjöti, áleggi, ostum og grænmeti. Þær vörur sem voru í könnuninni voru nautakjöt, svínakjöt, fuglakjöt, reykt og saltað kjöt, ostar og unnar kjötvörur (álegg o.þ.h.) auk nokkurra tegunda grænmetis. Mælingarnar fóru fram í næstsíðustu og eða/ síðustu viku í hverjum mánuði frá desember 2019 til september 2020 að undanskildum mars mánuði. Farið var í nokkrar verslanir í hverri verslanakeðju í öllum verðmælingum til að ná sem flestum vörum inn en framboð getur verið misjafnt eftir verslunum á hverjum tíma fyrir sig.

Leitast var við að kanna verð á vörum sem stöðugt framboð var af. Framboð af mörgum þeim vörum sem könnunin náði til er sveiflukennt og eru því fáar vörur sem stöðugt framboð var af í sumum vöruflokkum í könnuninni. Verð var því einnig kannað á vörum sem óstöðugra framboð var af. Auk verðupplýsinga voru upplýsingar um uppruna varanna einnig skráðar auk upplýsinga um vörumerki/framleiðanda, geymsluaðferð og gerð vöru.


Í verðkönnuninum voru þau verð skoðuð sem voru í gildi í versluninni á hverjum tíma skv. verðmerkingum verslananna. Tímabundin tilboð á einstaka vörum geta því haft áhrif á niðurstöður verðmælinganna en algengt er að afsláttur sé veittur af kjötvöru. Sveiflur í verði í þessum vöruflokki geta því haft áhrif á verðbreytingar. Þá er verðmerkingum stundum ábótavant í matvöruverslunum, sérstaklega á kjöti sem hafði áhrif í örfáum tilfellum. Upprunamerkingum í verslunum á grænmeti í lausu er einnig ábótavant og er því mögulegt að uppruni þess lausa grænmetis sem upplýsingum var safnað um sé annar en merkingarnar sögðu til um. Hér að neðan má finna greiningu á þeim gögnum sem verðlagseftirlit ASÍ safnaði á tímabilinu.

Framboð

Leitast var eftir að taka þær vörur sem stöðugt framboð var af í verslunum, en aðrar vörur sem óstöðugra framboð var af voru einnig teknar með. Könnunin náði til flestra þeirra vara sem voru til í verslunum á þeim tíma sem hún fór fram. Meirihluti þess nautakjöts, svínakjöts, fuglakjöts og áleggs sem til var í verslunum á þeim tíma sem könnunin fór fram er því í gögnunum sem safnað var. Ekki voru allir ostar teknir inn í könnunina en í þeim tilfellum var yfirleitt um að ræða osta af sömu gerð en með annarri bragðtegund. Mikill meirihluti erlendra osta sem voru til í verslunum á þeim tíma sem könnunin var gerð er með í könnuninni. Fleiri innlendir brauðostar eru í könnuninni en erlendir og eru þeir herra hlutfall af heildarframboði innlendra osta en erlendra. Framboð í verslunum getur verið misjafnt eftir tímabilum og verið meira í einni viku en annarri og endurspeglar þessar tölur því einungis framboð í verslunum á þeim tíma sem verðtakan fór fram. Framboð af kjöti er sérstaklega sveiflukennt og getur úrval í verslunum, þ.e. fjöldi þeirra vara sem kemur fram hér hafa verið meiri eða minni á öðrum tímum mánaðarins.

Framboð af landbúnaðarvörum í mörgum tilfellum aukist

Gögnin sem safnað var yfir tímabilið sýna að framboð í öllum vöruflokkum hefur aukist nokkuð stöðugt yfir tímabilið. Framboð minnkaði tímabundið í sumum vöruflokkum í sumar en náði sér aftur á strik og hélt áfram að aukast seinni part sumars og fram í september. Með framboði er átt við fjölda vara sem voru til í matvöruverslunum á þeim tíma sem verðtaka



fór fram. Fjöldi vara sem framboðstölur byggja á sýna fjölda allra þeirra sem könnunin náði til, þ.e. bæði vara sem stöðugt framboð var af og vara sem óstöðugra framboð var af. Á myndinni hér að neðan má sjá breytingu á framboði á mismunandi landbúnaðarvörum yfir tímabilið.

Mikil framboðs aukning á innfluttu fugla- og svínakjöti

Ef heildarframboð er skoðað má sjá að mest hlutfallslega aukning varð á framboði af svína-, fugla- og nautakjöti á tímabilinu. Hlutfallsleg aukning í þessum flokkum var svipað mikil eða 96% í flokki svínakjöts, 90% í flokki fuglakjöts og 86% í flokki nautakjöts. Mesta fjölgun á vörum varð þó í flokki fuglakjöts en þar fjölgaði vöruhegundum um 44 en hlutfallsleg framboðs aukning á fuglakjöti var 90%. Ef framboðsbreytingin er skoðuð út frá uppruna má sjá að framboð af innfluttu fuglakjöti jókst töluvert meira en framboð af innlendu fuglakjöti. Þannig jókst framboð á innfluttu fuglakjöti um 175% á tímabilinu og fjölgaði innfluttum vörum um 28 og fór framboðið úr 16 vörum í desember í 44 í september. Mesta aukning í innfluttu fuglakjöti var af villtum fuglum eins og gæsnum, öndum, kalkúnnum og rjúpum en einstaka kjúklingavörur hafa einnig bæst við. Framboð af fuglakjöti jókst skarpt í febrúar, bæði innlent og innflutt. Sú aukning gæti að einhverju leiti skýrst af því að minna framboð hafi verið af fuglakjöti í kringum jólahátíðina.

Heildarfjöldi vara	Des	Jan	Feb	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Breyting des-sept %	Breyting des-sept fjöldi
Nautakjöt	37	39	40	43	50	46	53	64	69	86%	32
Svínakjöt	24	26	29	29	34	42	47	49	47	96%	23
Fuglakjöt	49	57	68	75	76	70	78	87	93	90%	44
Álegg - skinkur og þ.h	56	55	58	63	62	67	69	76	78	39%	22
Ostar	94	84	95	103	90	90	93	110	118	26%	24

Heildarframboð á nautakjöti jókst um 86% og vörum fjölgaði um 32, úr 37 í 69. Framboð af innlendu nautakjöti jókst meira en framboð af innfluttu sem skýrist að hluta til af framboðs aukningu á íslenskum hamborgurum í sumar sem hefur haldið sér fram á haust. Framboð á innlendu nautakjöti jókst um 113% á tímabilinu og fjölgaði innlendum vörum um 18. Innfluttum nautakjöts vörum fjölgaði þó einnig töluvert á tímabilinu eða um 14 og fór fjöldi vara úr 21 í 35 á tímabilinu sem gerir 67% aukningu.

Heildarframboð af svínakjöti jókst um 96% á tímabilinu en fjöldi vara eða svínakjötsafurða í könnuninni var nokkuð minni en af nautakjöti og fuglakjöti, bæði í upphafi

og lok tímabils. Þannig var heildarfjöldi svínakjötsafurða 47 í lok tímabilsins í september, samanborið við 69 nautakjötsafurðir og 93 fuglakjötsafurðir. Heildarfjöldi svínakjötsafurða í könnuninni fór úr 24 í byrjun tímabils í 47 í lok tímabils. Innlendum svínakjötsafurðum fjölgaði meira á tímabilinu en innfluttum og fjölgaði innlendum vörum um 15 en innfluttum um 8. Hlutfallslega fjölgaði innfluttu svínakjöti þó meira en innlendu eða um 200% samanborið við 75% framboðs aukningu á innlendu svínakjöti. Í þessum tölum eru hamborgarahryggir ekki teknir með þar sem framboð af þeim er að mestu bundið við jólin.

Fjöldi innfluttra vara	Des	Jan	Feb	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Breyting des-sept %	Breyting des-sept fjöldi
Nautakjöt	21	19	22	23	24	21	25	32	35	67%	14
Svínakjöt	4	4	9	6	10	11	15	13	12	200%	8
Fuglakjöt	16	16	26	29	31	29	32	37	44	175%	28
Álegg - skinkur og þ.h	31	29	30	33	31	33	38	41	42	35%	11
Ostar	50	40	50	57	45	46	47	63	70	40%	20

Heildarframboð af unnum kjötvörum, áleggi, beikoni, skinkum o.þ.h. jókst um 38% á tímabilinu og fór fjöldi slíkra vara í könnuninni úr 56 í 77. Innlendum vörum fjölgaði um 11 og jókst framboðið um 44% en innfluttum vörum fjölgaði um 10 sem gerir 32% framboðs aukningu. Framboð af innfluttum ostum jókst töluvert yfir tímabilið eða um 40% og fjölgaði innfluttum ostum um ostum um 20 á tímabilinu, úr 50 í byrjun tímabils í 70 í lok tímabils.. Hafa ber í huga að ekki voru allir ostar teknir með í könnunina og brauðostar voru stærri hluti af innlenda framboðinu. Þá fjölgaði bragðtegundum af ýmsum ostum í verslunum þó þær hafi ekki allar verið teknar með inn í könnunina og er því framboðs aukning á innfluttum ostum í verslunum meiri en þessar tölur gefa til kynna. Lítil framboðs aukning varð á þeim innlendu ostum sem könnunin náði til.

Fjöldi innlendra vara	Des	Jan	Feb	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Breyting des-sept %	Breyting des-sept fjöldi
Nautakjöt	16	20	18	20	26	25	28	32	34	113%	18
Svínakjöt	20	22	20	23	24	31	32	36	35	75%	15
Fuglakjöt	33	41	42	46	45	41	46	50	49	48%	16
Álegg - skinkur og þ.h	25	26	28	30	31	34	31	35	36	44%	11
Ostar	44	44	45	46	45	44	46	47	48	9%	4

Töluverð framboðs aukning varð á sumum grænmetistegundum yfir tímabilið. Mest fjölgaði tegundum af innlendum tómötum í verslunum, úr 10 í 25 sem gerir 150% aukningu. Þá jókst

framboð af innfluttum sveppum einnig mikið og fór fjöldi vara í verslunum úr 2 í 10. Minni breyting var á framboði á öðrum grænmetistegundum yfir tímabilið þó framboð hafi í einhverjum tilfellum aukist tímabundið eins og sjá má í töflunni.


Heildarfjöldi vara - grænmeti	Des	Jan	Feb	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Breyting des-sept %	Breyting des-sept fjöldi
Innlendir tómatar	10	9	9	10	13	21	20	22	25	150%	15
Innfluttir tómatar	7	9	8	11	12	9	7	7	6	-14%	-1
Innlendar gulrætur	9	8	9	12	4	2	1	9	9	0%	0
Innfluttar gulrætur	3	4	3	4	9	10	7	7	4	33%	1
Innlendir sveppir	6	6	5	8	5	8	7	9	8	33%	2
Innfluttir sveppir	2	4	5	5	4	3	5	6	10	400%	8
Innlendar paprikur	0	0	0	0	2	0	4	3	3	300%	3
Innfluttar paprikur	7	7	6	7	7	7	7	7	7	0%	0
Íslenskar rófur	3	4	5	5	4	5	5	5	5	67%	2

Verðbreytingar

Verðbreytingar voru skoðaðar á þeim vörum sem stöðugt framboð var af í verslunum yfir tímabilið. Miðað var við að verðmæling hafi náðst á vöru á að minnsta kosti tveimur tímápunktum sem ná yfir um helming tímabilsins eða að lágmarki fjögurra mánaða tímabil. Í meirihluta tilfella voru vörurnar sem verðmælingarnar ná yfir þó í boði yfir lengra tímabil. Vörurnar í könnuninni voru ekki vigtaðar líkt og í vísitölu neysluverðs og sýna tölurnar í þessari greiningu því einungis meðalverðbreytingu í flokknum og tekur ekki tillit til þess hversu þungt vörurnar veiga í innkaupum. Hér má sjá fjölda vara sem stöðugt framboð var af í könnuninni.

Fjöldi vara sem stöðugt framboð var af	Allar vörur	Innfluttar vörur	Innlendar vörur
Nautakjöt	62	31	31
Svínakjöt	54	12	42
Fuglakjöt	85	36	49
Unnar kjötvörur; álegg o.p.h.	76	43	33
Ostar	106	60	46

Þeir vöruflokkar sem voru til skoðunar í þessari könnun endurspeglar ekki að fullu þá liði sem eru í vísitölu neysluverðs þar sem samsvarandi liðir í vísitölunni innihalda fleiri vörur en könnunin nær til. Þar að auki náði könnunin ekki til allra matvöruverslana auk þess sem nauðsynlegt er að hafa í huga að mismargar vörur eru undir í hverjum vöruflokki sem getur haft áhrif á niðurstöðurnar. Hér má sjá meðalverðbreytingar á tímabilinu á vörum sem stöðugt framboð var af í könnuninni og til samanburðar má sjá verðbreytingar á samsvarandi liðum í vísitölu neysluverðs.



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbreyting desember 2019- september 2020					
Vöruflokkur í könnun	Heildarverðbreyting könnun	Breyting innflutt könnun	Breyting innlent könnun	Vísitala neysluverðs	Samsvarandi liður í vísitölu neysluverðs
Nautakjöt	1,9%	2,2%	1,6%	0,9%	01121 Nautakjöt nýtt eða frosið
Svínakjöt	4,6%	7,9%	3,7%	5,2%	01123 Svínakjöt, nýtt eða frosið
Fuglakjöt	1,2%	-1,3%	3,3%	1,4%	01125 Fuglakjöt nýtt eða frosið
Álegg og þ.h. (unnin kjötvara)	4,9%	4,8%	5,1%	3,5%	01126 Kjöt unnið, reykt og saltað
Ostar	7,9%	9,0%	6,5%	7,6%	01146 Ostar

Heimild: Hagstofa Íslands

Veiking krónu á tímabilinu sem verðtakan fór fram

Á því tímabili sem verðtakan fór fram hækkaði gengisvísitalan og fór úr því að vera 179,5 í desember 2019 í 209,5 í september 2020 og veiktist gengi krónunnar því um 16,7% á tímabilinu. Gengisvísitalan hækkaði mest í mars og apríl og hefur hækkunin haldið sér út tímabilið og aukist örlítið fyrir utan smá lækkun í júní mánuði. Ef gengi krónunnar gagnvart Evru á sama tímabili er skoðað má sjá að krónan hefur veikst um 20% síðan í desember í fyrra¹. Veiking krónu getur tilhneigingu til að fara nokkuð hratt út í verðlag á innfluttum vörum en aðrir áhrifaþættir geta unnið upp á móti.

Dags.	Gengisvísitala
des.19	179,5
jan.20	181,7
feb.20	183,8
mar.20	193,7
apr.20	205,4
maí.20	205,4
jún.20	198,9
júl.20	205,5
ágú.20	208,5
sep.20	209,5

Heimild: Seðlabanki Íslands

Nautakjöt

Á tímabilinu desember 2019 til september 2020 hækkaði verð á nautakjöti í könnuninni að meðaltali um 1,9% sem er nokkuð meiri hækkun en á samsvarandi liði í vísitölu neysluverðs sem hækkaði um 0,9%. Hafa ber í huga að innflutt nautakjöt vegur ekki eins þungt í vísitölu neysluverðs og innlent og að þær vörur sem flokkurinn í könnuninni inniheldur færri og einsleitari vörur en samsvarandi liður í vísitölu neysluverðs. Verð á nautakjöti lækkaði eða stóð í stað í 40 tilfellum af 62 eða í 65% tilfella. Í 13 tilfellum lækkaði verð, í 27 tilfellum stóð verðið í stað og í 22 tilfellum hækkaði verð á nautakjöti. Þegar verðbreytingar á nautakjöti eru skoðaðar út frá uppruna má sjá að innfluttar nautakjötsafurðir hækkuðu um 2,2% en innlendar um 1,6%. Í 58% tilfella eða 18 af 31 stóð verð á innlendu nautakjöti í stað. Í 6 tilfellum lækkaði verð, í 12 tilfellum stóð verð í stað og í 13 tilfellum hækkaði verð á innfluttu nautakjöti. Í 71% tilfella eða 22 tilfellum af 31 stóð verð á innfluttu nautakjöti í stað eða lækkaði, í 6 tilfellum lækkaði verð, í 15 tilfellum stóð verð í stað og í 9 tilfellum hækkaði verð á innfluttu nautakjöti. Verðhækkunarir á innlendum nautakjötsafurðum voru á bilinu 1-21% en 5-38% á innfluttu.


¹ Heimild: Seðlabanki Íslands

Svínakjöt

Að meðaltali hækkaði verð á svínakjöti í könnuninni um 4,9% á tímabilnu en til samanburðar hækkaði svínakjöt í vísitölu neysluverðs um 3,6%. Innlent svínakjöt vegur þyngra í vísitölu neysluverðs en innflutt auk þess sem liður svínakjöts í vísitölunni nær yfir fleiri svínakjötsafurðir en könnunin nær til. Verð á svínakjöti hækkaði í 31 tilfalli af 56, stóð í stað í 21 tilfalli og lækkaði í 4 tilfellum. Innflutt svínakjöt í könnuninni hækkaði að meðaltali meira í verði en innlent, um 7,9% en verð á innlendu svínakjöt hækkaði um 3,7%. Verð á innfluttu


Allar landbúnaðarvörur - verðbreytingar des 2019- sept 2020

■ Verð stóð í stað
■ Verð hækkaði
■ Verð lækkaði




Nautakjöt

Samtals vörur :
62




Svínakjöt

Samtals vörur :
56




Fuglakjöt

Samtals vörur :
89



Unnar kjötvörur

Samtals vörur :
77



Ostar


Samtals vörur :
106

svínakjöti hækkaði í 9 tilfellum af 12 og stóð í stað í þremur tilfellum. Verð á innlendu svínakjöti hækkaði í helmingi tilfella eða 22 tilfellum af 44, stóð í stað í 18 tilfellum og lækkaði í fjórum tilfellum. Verðhækkunar á innfluttu svínakjöti voru á bilinu 6-21% en verðhækkunar á innlendu á bilinu 3-29%. Í 7 tilfellum voru verðhækkunar á innlendu svínakjöti á bilinu 11-29% og í 9 tilfellum á bilinu 5-10%. Töluvert færri innfluttar svínakjötsafurðir voru í könnuninni en innlendar eða 12 sem stöðugt framboð var af samanborið við 44 innlendar svínakjötsafurðir.

Fuglajakjöt

Meðalverðhækkun á öllu því fuglajakjöti sem stöðugt framboð var af í könnuninni var 1,2% á tímabilinu desember 2019 til september 2020. Til samanburðar hækkaði fuglajakjöt í vísitölu neysluverðs um 1,4%. Í 57% tilfella eða 51 tilfelli af 89 stóð verð á fuglajakjöti í stað eða lækkaði. Í 22 tilfellum lækkaði verð á fuglajakjöti, í 29 tilfellum stóð verð í stað og í 38 tilfellum hækkaði verð. Ef verðbreytingar á fuglajakjöti eru skoðaðar eftir uppruna má sjá að innflutt fuglajakjöt lækkaði í verði á meðan innlent hækkaði.

Innfluttar landbúnaðarvörur - verðbreytingar des. 2019- sept 2020




Að meðaltali lækkaði innflutt fuglajakjöt í könnuninni um 1,3% en innlent fuglajakjöt hækkaði um 3,3%. Í 30 tilfellum af 40 tilfellum stóð verð á innfluttu fuglajakjöti í stað eða lækkaði á tímabilinu. Í 19 tilfellum stóð verð í stað, í 11 tilfellum lækkaði verð og í 10 tilfellum hækkaði verð. Til samanburðar hækkaði verð á innlendu fuglajakjöti í 57% tilfella eða í 28 tilfellum af 49. Í 10 tilfellum stóð verð á innlendu fuglajakjöti í stað og í 11 tilfellum lækkaði það. Í nokkrum tilfellum voru miklar verðhækkningar bæði á innlendu og innfluttu kjöti en meiri verðhækkningar og minni verðlækkningar voru á innlendu en innfluttu kjöti.

Unnar kjötvörur

Verð á öllum unnum kjötvörum í könnuninni hækkaði að meðaltali um 4,9%. Til samanburðar hækkaði samsvarandi liður í vísitölu neysluverðs um 3,5% en hann nær yfir fleiri vörur en þær sem voru í könnuninni. Í 50 af 77 eða 64% tilfella hækkaði verð, í 16 tilfellum stóð það í stað og í 11 tilfellum lækkaði verð á unninni kjötvöru á tímabilinu. Lítil munur var á verðhækkunum á innlendum og innfluttum unnum kjötvörum. Innflutt unnin kjötvara hækkaði að meðaltali um 4,8% í verði en innlend unnin kjötvara um 5,1%. Verð á innfluttum unnum kjötvörum hækkaði í 59% tilfella, stóð í stað í 23% tilfella og lækkaði í 18% tilfella. Í mörgum tilfellum hækkaði verð á innfluttum unnum kjötvörum mikið en í 13 tilfellum voru verðhækkanir á bilinu 11-33%. Í 5 tilfellum lækkaði verð meira en 10%. Verð á innlendum unnum kjötvörum hækkaði í 72% tilfella eða í 24 tilvikum af 77. Í 3 tilfellum lækkaði verð á innlendum unnum kjötvörum og í 6 tilfellum stóð það í stað. Verðhækkanir innfluttum kjötvörum voru einnig miklar en fóru mest upp í 17% en minni verðlækkunir voru á innfluttri unninni kjötvöru en innfluttri.

Innlendar landbúnaðarvörur - verðbreytingar des 2019-sept 2020



Ostar

Meðalverðhækkun á öllum ostum í könnuninni var 7,9 % yfir tímabilið samanborið við 7,6% hækkun á ostum í vísitölu neysluverðs. Verð á ostum í könnuninni hækkaði í 76 tilfellum af 106, lækkaði í 14 tilfellum og stóð í stað í 16 tilfellum. Innfluttir ostar í könnuninni hækka að meðaltali meira í verði en innlendir eða um 9,0% samanborið við 6,5% meðalverðhækkun á innlendum ostum. Verð á innfluttum ostum hækkaði í 66% tilfella eða í 40 tilfellum af 60. Í 9 tilfellum lækkaði verð og í 11 tilfellum stóð verð í stað. Verð á innlendum ostum hækkaði í 78% tilfella eða í 36 tilfellum af 46, í 5 tilfellum lækkaði verð og í 5 tilfellum stóð verð á innlendum ostum í stað. Verðhækkningar á innfluttum ostum voru oft meiri en á innlendum en í 19 tilfellum voru verðhækkningar á bilinu 10-20% og í 8 tilfellum á bilinu 21-43%. Verðhækkningar á íslenskum ostum voru í 18 tilfellum á bilinu 10-17% en í 16 tilfellum undir 10%.

Grænmeti

Þær grænmetistegundir sem voru í könnuninni voru gulrætur, paprikur, sveppir, tómatar og rófur. Verð var skoðað á íslensku og innfluttu grænmeti nema í tilviki rófa þar sem einungis íslenskar rófur fengust í verslununum í könnuninni. Hafa ber í huga að í mörgum tilfellum var lítið og óstöðugt framboð af grænmeti í verslunum og eru því fáar vörur undir í mörgum grænmetisflokkum og oft eru mismargar innfluttar og innlendar vörur undir mælingunum í sama grænmetisflokki.


Gulrætur

Mest hækkaði verð á innfluttum gulrótum, að meðaltali um 21,1% en til samanburðar hækkaði verð á íslenskum gulrótum að meðaltali um 5,3%. Innfluttar gulrætur hækkuðu í verði í 5 tilfellum af 7 og lækkuðu í verði 2 tilfellum. Verðhækkningar á innfluttum gulrótum voru á bilinu 20-54% en verðlækkanirnar námu 3% og 28%. Verð á íslenskum gulrótum hækkaði í 5 tilfellum, stóð í stað í 6 tilfellum og lækkaði í tveimur tilfellum. Verðhækkningar á íslenskum gulrótum voru á bilinu 6-25% en í 5 tilfellum voru verðhækkanirnar yfir 20%. Næst mest hækkaði verð á innfluttum paprikum, að meðaltali um 19,2% en til samanburðar lækkaði verð á íslenskum paprikum um 2,6%. Einungis þrjár tegundir af íslenskum paprikum með stöðugu framboði voru í könnuninni.

Tómatar

Verð á innfluttum tómötum hækkaði að meðaltali um 18,3% en til samanburðar hækkaði verð á íslenskum tómötum nánast ekkert eða að meðalatali 0,6%. Innfluttir tómatar hækkuðu í verði í 8 tilfellum og lækkuðu í verði í þremur tilfellum. Verðhækkunarir á innfluttum tómötum voru á bilinu 5- 86% og verðlækkunarir á bilinu 9-38%. Verð á íslenskum tómötum hækkaði í verði í fjórum tilfellum, stóð í stað í 8 tilfellum og lækkaði í 12 tilfellum. Verðlækkunarir voru á bilinu 0,1-17% en verðhækkunarir 8-21%.

Verðbreytingar á grænmeti des 2019- september 2020




Sveppir

Verð á innfluttum sveppum hækkaði að meðaltali um 9,5% á tímabilinu en verð á íslenskum sveppum hækkaði að meðaltali um 0,6%. Verð á innfluttum sveppum hækkaði í flestum tilfellum eða fimm af sjö voru verðhækkunarirnar á bilinu 3-31%. Verð á íslenskum sveppum hækkaði í fjórum tilfellum, stóð í stað í 8 tilfellum og lækkaði í 12 tilfellum. Verðhækkunarir á íslenskum sveppum voru á bilinu 2-8% en verðlækkunarir námu 1% og 12%.

Paprikur

Mjög fáar innlendar paprikur sem stöðugt framboð var af eru í könnuninni og voru þær einungis til á seinnihluta tímabilsins. Því er ekki hægt að álykta með sama hætti um verðbreytingar á innlendum og á innfluttum paprikum. Verð á innfluttum paprikum hækkaði að meðaltali um 19,2% á tímabilinu en íslenskar lækkuðu að meðaltali um 2,6%. Fáar tegundir af paprikum sem stöðugt framboð var af voru í könnuninni eða níu innfluttar og þrjár íslenskar. Verð á innfluttum paprikum hækkaði í sjö tilfellum af níu og lækkaði í tveimur tilfellum. Í mörgum tilfellum hækkaði verð á innfluttum paprikum mikið og voru verðhækkunar á bilinu 12-49%, Verð á íslenskum paprikum lækkaði í tveimur tilfellum af þremur, um 3% annarsvegar og hinsvegar um 4% og stóð í stað í einu tilfalli.





Rófur

Rófur lækkuðu töluvert í verði yfir tímabilið, að meðaltali um 11%. Af þeim fimm rófutegundum sem stöðugt framboð var af lækkaði verð í þremur tilfellum og hækkaði í tveimur. Verðlækkanir voru á bilinu 17-32% en verðhækkunar voru í báðum tilfellum 4,3%.


Verðbreytingar milli mánaða

Hér má sjá verðbreytingar milli mánaða á öllum þeim vörum sem könnunin náði til. Verðbreytingar milli mánaða sýna breytingar í verði á öllum þeim vörum sem voru í könnuninni, einnig þeim sem óstöðugt framboð var af. Sá fyrirvari skal hafður á að mismikill


fjöldi vara er undir í hverjum mánuði og mismargar í hverjum flokki fyrir sig. Því færri vörur sem eru undir í hverjum mánuði því meiri áhrif hafa verðsveiflur á einstaka vörum. Sérstaklega fáar vörur voru í flokki innflutts svínakjötis í byrjun tímabils eins og fjallað var um í framboðskaflanum hér að ofan og þá var framboð af flestum grænmetistegundunum oft mjög lítið í hverjum mánuði sem má sjá í mynd hér að neðan.



Innlendar landbúnaðarvörur - verðbr. milli mánaða des. '19- sept. '20



Innflutt og íslenskt grænmeti - verðbr. des. '19 - sept. '20



Verðbreytingar á grænmeti og fjöldi vara	Fjöldi/verðbr.	des-jan	jan-feb	feb-apríl	apríl-maí	maí-jún	jún-júl	júl-ág	ág-sept
Innfluttar gulrætur	Fjöldi	3	3	2	3	3	3	3	2
	Verðbr.	7,8%	0,0%	13,1%	2,6%	-1,0%	10,5%	0,0%	4,7%
Íslenskar gulrætur	Fjöldi	7	8	8	4	0	0	1	6
	Verðbr.	0,5%	1,2%	2,8%	5,5%			0,0%	-9,4%
Innfluttar paprikur	Fjöldi	7	6	5	6	7	7	5	5
	Verðbr.	0,8%	7,1%	35,8%	5,2%	-13,7%	-6,7%	4,1%	3,8%
Innlendar paprikur	Fjöldi	0	0	0	0	0	0	3	3
	Verðbr.							-3,3%	2,1%
Innfluttir sveppir	Fjöldi	1	4	2	4	3	3	3	5
	Verðbr.	0,0%	0,7%	14,8%	-5,1%	9,8%	-0,8%	9,1%	-1,3%
Innlendir sveppir	Fjöldi	4	4	4	5	5	7	7	8
	Verðbr.	0,0%	2,1%	-0,4%	0,0%	0,0%	1,0%	0,0%	-0,9%
Innfluttir tómatar	Fjöldi	5	5	3	9	6	7	6	6
	Verðbr.	0,9%	-2,7%	5,3%	-2,2%	-14,1%	10,2%	3,3%	34,6%
Innlendir tómatar	Fjöldi	7	5	6	7	9	13	15	19
	Verðbr.	4,9%	0,9%	2,1%	-3,1%	-1,0%	-0,1%	5,4%	-2,0%
Íslenskar rófur	Fjöldi	3	4	5	4	4	5	5	5
	Verðbr.	0,0%	0,0%	2,0%	0,0%	2,8%	7,0%	-4,3%	-14,7%

Breyting milli mánaða - heild	des-jan	jan-feb	feb-apríl	apríl-maí	maí-jún	jún-júl	júl-ág	ág-sept
Nautakjöt	0,23%	2,15%	-0,69%	1,59%	0,13%	1,47%	-1,48%	0,48%
Svínakjöt	4,89%	-3,09%	1,91%	1,18%	5,46%	-1,82%	0,20%	0,25%
Fuglakjöt	-2,84%	-0,41%	4,45%	0,84%	1,62%	0,20%	-0,33%	0,41%
Álegg - skinkur og þ.h	2,02%	-1,32%	3,02%	0,93%	-0,53%	0,58%	0,55%	0,84%
Ostar	1,01%	0,41%	0,87%	0,40%	4,08%	1,59%	0,37%	0,83%

Breyting milli mánaða - innlent	des-jan	jan-feb	feb-apríl	apríl-maí	maí-jún	jún-júl	júl-ág	ág-sept
Nautakjöt	0,36%	2,65%	-0,72%	0,31%	1,30%	-0,80%	-1,05%	-0,18%
Svínakjöt	5,30%	-3,69%	1,65%	0,55%	6,07%	-2,38%	-0,03%	-0,39%
Fuglakjöt	-1,85%	-0,94%	6,74%	0,35%	2,12%	0,36%	-0,14%	1,57%
Álegg - skinkur og þ.h	0,23%	-0,45%	3,58%	1,41%	-0,11%	0,05%	-0,05%	1,26%
Ostar	1,88%	0,62%	-0,74%	-0,70%	6,56%	-0,30%	-0,64%	0,08%

Breyting milli mánaða - innflutt	des-jan	jan-feb	feb-apríl	apríl-maí	maí-jún	jún-júl	júl-ág	ág-sept
Nautakjöt	0,17%	1,84%	-0,68%	2,63%	-0,82%	3,79%	-1,89%	1,00%
Svínakjöt	2,60%	0,00%	2,60%	3,23%	3,97%	-0,54%	0,71%	2,11%
Fuglakjöt	-5,24%	1,06%	0,40%	1,76%	0,75%	-0,06%	-0,64%	-1,34%
Álegg - skinkur og þ.h	3,64%	-2,06%	2,46%	0,39%	-0,99%	1,09%	1,02%	0,46%
Ostar	-0,02%	0,16%	2,63%	1,62%	1,43%	3,76%	1,41%	1,46%

